

Vegna: Máls nr. 0604/2024, Umsókn um framkvæmdaleyfi. Fífuhvammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Fyrirætlanir um bætt öryggi gatnamóta Dalveggar og Fífuhvammsveggar, sem settar eru fram í kynningargögnum, eru lofsverðar. Sá galli er þó á hugmyndunum að gert er ráð fyrir að ein gönguleiðin yfir Fífuhvammsveg verði fjarlægð. Hér verða færð fram sjónarmið til að varpa ljósi á af hverju þessi galli er óheppilegur:

- Þau sem eiga erindi yfir Fífuhvammsveg fótgangandi eða rúllandi eru að stórum hluta íbúar Smárahverfis og Hjallahverfis. Íbúarnir koma gjarnan eftir Dalvegi og þá undantekningarlítið að gatnamótunum vestanmegin. Að skerða umferðarflæði fótgangandi með því að þvinga þá til að fara yfir tvenn gatnamót frekar en ein, bara til að spara fólki sitjandi í sófasetti á fjórum hjólum allt að 15 sekúndur, felur í sér ranga forgangsroðun ferðamáta.
- Í skipulagsskilmálum frá mars 2020 segir: „Gert er ráð fyrir að norðan Dalveggar verði lagður nýr hjólastígur frá Digraanesvegi meðfram núverandi göngustíg til móts við vestur lóðarmörk Dalveggar 32. Þaðan er gert ráð fyrir blandaðri umferð hjólandi og gangandi að Nýbýlavegi og tengingu við undirgöng. “ Augljóslega þarf að tengja hjólastíg sem fyrirhugaður er meðfram Fífuhvammsvegi við fyrirhugaðan hjólastíg á Dalvegi (þ.e. spottann milli Digraanesveggar og Fífuhvammsveggar). Það gengur augljóslega ekki upp að stígurinn komi upp að Fífuhvammsvegi norðvestan megin en fari svo yfir hann austan megin.

Höfundur: Haraldur Steinþórsson/haraldurs@gmail.com

Sent inn þann: 02.06.2024